

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar
Ólafsvík

VERIÐ VELKOMIN Á JAÐAR

Hagnýtar upplýsingar fyrir íbúa á Jaðri



Í þessum bæklingi má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar um þjónustu dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars. Vonum við að efni hans hjálpi þér og aðstandendum þínum að undirbúa flutning þinn á nýja heimilið.

Allar upplýsingar varðandi komu þína veitir
Inga Jóhanna Kristinsdóttir, forstöðumaður í síma 433-6931 og netfang: inga@snb.is.

Hugmyndafræði Jaðars

Hugmyndafræði Jaðars byggist á því að umhyggja fyrir einstaklingnum sé í fyrirrúmi og að sjálfræði hans sé virt í allri umönnun. Áhersla er lögð á heimilislegt andrúmsloft og viðmót; virðingu fyrir einkalífi heimilismanna og að þeir upplifi öryggistilfinningu. Unnið er útfrá heildrænni umönnun einstaklingsins sem miðar að því að viðhalda lífsgæðum, færni og velliðan út frá líkamlegri, andlegri og félagslegri getu. Viðfangsefnið eru athafnir daglegs lífs með þátttöku heimilismanna og aðstandenda þeirra, allt eftir óskum, getu og vilja hvers og eins. Markmiðið er því að auka og viðhalda sjálfsbjargargetu einstaklingsins þannig að hann njóti góðrar sjálfsvitundar og sjálfsvirðingar þrátt fyrir hrakandi heilsufar og færnitap. Horft er á einstaklinginn, heilbrigði hans, umhverfi og hjúkrun sem órjúfanlega heild.

Hjúkrunarheimilið Jaðar

Á Jaðri eru 19 einstaklingsherbergi fyrir hjúkrunar- og dvalarrými. Öll með baðherbergi, fataskápum með læstri hirslu og hjúkrunarrúmum. Auk þeirra eru hér 2 hjónaíbúðir, 3 einstaklingsíbúðir og 3 einstaklingsherbergi.

Þjónusta við íbúa

Meginstarf okkar er að annast þig og vaka yfir velferð þinni og líðan. Við munum leggja okkur fram um að bæta og viðhalda líkamlega, andlega og félagslega færni þína, efla sjálfsbjörg við athafnir daglegs lífs og auka lífsgæði þín við breyttar aðstæður. Þar er mikilvægast að reisn þín og sérkenni séu virt og að friðhelgi og öryggi þitt sé ætíð í hávegum haft.

Hjúkrun

Hjúkrun er einstaklingshæfð sem þýðir að hjúkrunarfræðingur heimilisins er ábyrgur fyrir og skipuleggur hjúkrun þína í samráði við þig, fjölskyldu þína og aðra í umönnunarhóp þínum eftir því sem við á. Við viljum stuðla að góðum tengslum við fjölskyldu þína og bendum á að líðan þín verður betri með góðum samskiptum. Lögð verður áhersla á að hafa þig með í ákvarðanatöku um hjúkrunarmeðferðina og veita upplýsingar um allar breytingar þannig að sem minnst óvissa ríki. Fjölskyldufundir eru haldnir fljótlega eftir flutning inn á heimilið og svo eftir þörfum.

Hjúkrunarfræðingur, sjúkraliðar og starfsmenn eru tiltækir allan sólarhringinn. Leitaðu hiklaust til okkar með hvaðeina sem varðar umönnun þína og vellíðan. Boðið er upp á samveru og afþreyingu; lestur úr bókum og blöðum, tónlist, söng, spil, spjall, handmennt og aðra dægrastyttingu. Gestakomur eru frjálssar í samráði við þig. Húsinu er lokað af öryggisástæðum frá kl 23:00 að kveldi til morguns.

Læknisþjónusta

Læknir Jaðars vitjar þín eftir þörfum. Hann kemur á Jaðar einu sinni í viku.

Ekki er heimilt að panta heilbrigðisþjónustu eða lyf utan Jaðars án samráðs við lækni eða hjúkrunarfræðing.

Fjölskyldufundir

Fljótlega eftir komu á Jaðar býður hjúkrunarfræðingur upp á fjölskyldufund með íbúa og aðstandendum. Með á fundinum er venjulega læknir og forstöðumaður, sé þess þörf. Eftir það fara fjölskyldufundir fram u.þ.b. einu sinni á ári og oftast ef breyting verður á heilsufari eða aðstandendum eða starfsfólk óska eftir þeim.

Fjármál

Á heimasíðu Tryggingastofnunar (www.tr.is) eru allar upplýsingar hvað varðar greiðslur við flutning á stofnun og einnig um umsóknir.

Iðjuþjálfun og önnur afþreying

Á Jaðri starfar iðjuþjálfari sem sér um leikfimi, hvers kyns iðju og aðra afþreyingu. Reynt er að hafa sem fjölbreyttasta virkni til að mæta þörfum og áhuga heimilismanna. Þjálfun fer fram í sal Jaðars og úti ef veður leyfir. Sjúkraþjálfun er veitt af sjúkraþjálfara í samfélaginu.

Matmálstímar

Máltíðir eru framreiddar í borðstofu heimilisins. Það skapar heimilislegt andrúmsloft að íbúar borði saman í borðstofu og njóti þar einnig samveru við aðra íbúa, ættingja og vini. Heit máltíð er sjö daga vikunnar í hádeginu og léttari réttir hinar máltíðirnar.

Matmálstímar eru sem hér segir:

Morgunverður	kl. 08.00	-	10.00
Hádegisverður	kl. 12.00	-	13.00
Síðdegiskaffi	kl. 15.30	-	16.00
Kvöldverður	kl. 18.30	-	19.00
Kvöldkaffi	kl. 20.30		

Hárgreiðslu- og snyrtifræðingar

Hárgreiðslukona kemur reglulega á heimilið. Einnig koma snyrtifræðingar og fótaaðgerðafraeðingar reglulega.

Reykingar

Af öryggisástæðum er ekki heimilt að reykja í íbúðum. Sérstakt reykherbergi er fyrir íbúa, starfsmenn og gesti á jarðhæð Jaðars. Bannað er að reykja á lóð heimilisins.

Nudd

Íbúum heimilisins stendur til boða þjónusta nuddara á Jaðri gegn sanngjörnu verði.

Sálgæsla

Helgistundir eru í setustofunni einu sinni í viku. Sóknarprestur er ávallt reiðubúinn til aðstoðar við ýmis mál, bæði trúarlega þjónustu og önnur persónuleg málefni. Guðsþjónustur eru haldnar í samkomusal heimilisins á 1. hæð.

Eigið herbergi

Við mælum með að þú hafir hjá þér einhverja persónulega muni sem þér þykir vænst um og veita þér ánægju. Má þar nefna málverk, fjölskyldumyndir, myndaalbúm og lampa. Einnig eigin húsgögn, t.d. góða hægindastóla, borð, kömmóðu eða hillu.

Gæta þarf þess þó að fylla ekki rými herbergis svo mikið að það valdi þér erfiðleikum við að komast um og torveldi hjúkrun þína. Þú getur haft þitt eigið útlarp og sjónvarp, tölvu og símtæki með einkasímanúmeri í herbergi þínu. Það getur verið mjög notalegt að ættingjar og vinir geti hringt beint til þín og þú til þeirra. Í setustofum eru að sjálfsögðu útlarp og hljómflytningstæki, sjónvarp, geisladiskaspilari og myndbandstæki sem nota má í samráði við starfsfólk og aðra íbúa.

Fatnaður

Þú klæðist auðvitað þínum eigin fötum. Nauðsynlegt er að hafa hæfilegt magn af hversdagsfötum til skiptanna, sömuleiðis náttföt, slopp, sokka, sparikæðnað og yfirhafnir, sem og annan fatnað til útivistar.

Jaðar annast þvott á einkafatnaði þínum, nema þú eða ættingjar þínir kjósi annað. Undanþegið er þó það sem þarf að hreinsa. Innkaup og eftirlit með einkafatnaði er í þínum höndum og aðstandenda. Mikilvægt er að merkja fötin með þvottanúmeri sem þú færð við komu á heimilið. Fyrir hátíðir er sérstaklega mikilvægt að spariföt séu yfirfarin og hreinsuð tímanlega. Jaðar getur haft milligöngu um að senda í hreinsun fyrir þig. Góðir skór með grófum sóla eru mikilvægir og einnig góðir innskór. Áhersla er lögð á að fólk sé snyrtilegt til fara og vel til haft.

Ekki er séð fyrir sæng, koddar, rúmfatnaði eða handklæði.

Áhöld og vörur til persónulegra nota

Þú þarft að eiga tannbursta, tannkrem, snyrtiáhöld, rakáhöld, rúllur og aðrar þær snyrtivörur sem þú þarfnast til persónulegra nota. Heimilið leggur til allar hjúkrunarvörur.

Ferðir

Þurfi íbúi í hjúkrunar-eða dvalarrými að sækja aðra heilbrigðisþjónustu utan heimilisins mun heimilið aðstoða þá við að komast á áfangastað. Aðra þjónustu, til dæmis bankaferðir, búðarferðir o.þ.h. er ætlast til þess að aðstandendur sjái um.

Öryggisatriði

Þeim tilmælum er vinsamlegast beint til íbúa að huga að öryggi sínu með því að staðsetja þunga muni neðarlega í hillur þar sem hættu getur skapast af falli. Af sömu ástæðu er ráðlagt að staðsetja háa skápa og hillur fjarri rúmi.

Vegna ákvæða í brunavarnareglugerð er ekki heimilt að setja upp aðrar gardínur en fylgja íbúðinni.

Við vonum að þessar upplýsingar hjálpi þér að undirbúa komu þína á Jaðar.

Heimsóknir

Ættingjar eru alltaf velkomnir í heimsókn. Markmiðið er að aðstandendum líði vel við komu hingað og geti látið fara vel um sig og sína. Af öryggisástæðum er heimilinu læst á kvöldin. Ættingjar geta notað dyrabjöllu utan þess tíma. Aðstandendur og vinir eru hvattir til að koma í heimsókn og eru reglulegar heimsóknir oft fastir liðir á dagskrá nánustu ættingja.

Að lokum

Aðstæður á heimilinu geta breyst og til þess að nýting heimilisins sé sem best þarf viðkomandi að vera viðbúin(-n) fyrir breytingum, t.d. flutning á milli íbúða/herbergja.

Viljir þú eða þínir aðstandendur koma með ábendingar varðandi aðbúnað eða þjónustu á Jaðri bendum við á eyðublað sem nálgast má hjá starfsfólki. Ábendingin má vera nafnlaus óski fólk nafnleyndar.



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jókullinn ber við loftið...